

# TILKYNNING

## frá Stangaveiðifélagi Akraness um sölu og úthlutun veiðileyfa 1996.

Aðalsöludagur veiðileyfa verður laugardaginn 24. febrúar n.k. og fer fram að Suðurgötu 108.

Þeir sem ætla að fá veiðileyfi draga númer kl. 11 til 12 og verða leyfin afgreidd eftir þeim númerum kl. 14 sama dag. Þann 26. febrúar kl. 20 til 21:30 verða óseld veiðileyfi seld félagsmönnum á skrifstofu félagsins að Suðurgötu 108. Eftir það verða leyfin einnig boðin utanfélagsmönnum.

Félagar þurfa að velja sér veiðifélaga og ber að nafngreina þá og veiðiá áður en númer er dregið og dregur einn fyrir sig og sína veiðifélaga. Fjarstöddum félögum er heimilt að gefa öðrum leyfi til að draga fyrir sig. Skylt er að greiða árgjald (kr.1500) áður en dregið er.

Ákveðið hefur verið að gefa félagsmönnum kost á gjaldfresti á 50% keyþra veiðileyfa og einnig verður boðið upp á VISA-raðgreiðslur. Ef veiðileyfi verða ekki leyst út fyrir 15. júní, er stjórninni heimilt að ráðstafa þeim til annarra.

Veiðileyfin verða seld eftir sömu reglum og undanfarin ár, þannig að menn hafa að nokkru leyti frjálst val, í þeirri röð sem afgreiðslunúmer segja til um, séu þeir mættir þegar sala hefst og kemur að þeirra númerum.

Í Fáskrúð og Andakílsá eru 2 stangir á dag, en í Flekkudalsá 3. Í Fáskrúð og Flekkudalsá hefst veiði kl. 16 byrjunardag (kl.15 eftir 15. ág.) og lýkur kl. 13 heimfarardag. Í Andakílsá og Laxá hefst veiði kl. 7 og lýkur kl. 21 til 22, nema 1/2 dagar í Andakílsá sem byrja kl. 7 og kl. 16.

Í Fáskrúð og Flekkudalsá eru 2 dagar seldir saman út á tvö og þrjú nöfn. Í Andakílsá er einn eða hálfur dagur seldur í senn með báðum stöngunum, út á 1 eða 2 nöfn. Stangir í Laxá verða seldar ein og ein eftir röð númera. Veiðileyfi í Hólmavatn verða seld síðar hjá Sjóvá-Almennum.

Komi upp ágreiningur um skilning á ofangreindum reglum, áskilur félagsstjórn sér rétt til að skera úr í hverju tilfelli, svo og að setja viðbótarreglur, telji stjórnin það nauðsynlegt.

Eins og undanfarin ár mun Ólafur G. Ólafsson hjá Sjóvá-Almennum (sími 431-2800) annast sölu veiðileyfa fyrir félagið, eftir áður nefnda söludaga.

**MUNIÐ AÐ SÖLUSTADUR ER Á SUÐURGÖTU 108.**

# Stangaveiðifélag Akraness

## VERÐSKRÁ

### Fáskrúð

Júlí 2. - 6.	Kr. 9800 st. á dag
“ 12.- 14.	“ 15500 -”-
“ 14.- 16.	“ 16000 -”-
“ 16.- 18.	“ 16800 -”-
“ 24.- 26.	“ 15500 -”-
“ 26.- 28.	“ 16000 -”-
“ 28.- 30.	“ 16800 -”-
Ág. 7. - 9.	“ 16800 -”-
“ 9. -11.	“ 16000 -”-
“ 17.- 19.	“ 16800 -”-
“ 19.- 21.	“ 16000 -”-
“ 21.- 23.	“ 15500 -”-
“ 29.- 31.	“ 16800 -”-

### Ág/sept.

“ 31.- 2.	Kr.15500
“ 2. - 4.	“ 14500
“ 10.- 14.	“ 12000
“ 14.- 16.	“ 11000
“ 19.- 21.	“ 8500

### Laxá í Leirársveit

Júní 15. 4 st. Kr. 16000 st. á dag
“ 17. 4 “ “ 17000 -”-
Sept. 4. 6 st. Kr. 14000 -”-
“ 5. “ “ 14000 -”-
“ 6. “ “ 14000 -”-
“ 9. “ “ 13000 -”-

### Flekkudalsá

Júlí 10.- 14.	Kr. 13600 st. á dag
Ág. 12.- 16.	“ 14500 -”-

### Andakilsá

Júlí 11.-16.	Kr. 17700 st. á dag
Ág. 12.-16.	“ 17700 -”-